

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-81/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Beiðnina verður að skilja svo að hann krefjist þess að fá greiddar skaða- og miskabætur úr hendi Y. Álitaefnið tengist því að álitsbeiðandi leigði geymslu af Y og eftir að álitsbeiðandi greiddi ekki leigu af geymslunni í einhvern tíma, létu Y rýma geymsluhúsnæðið og eyða því sem þar var. Þetta telur álitsbeiðandi að Y hafi ekki verið heimilt að gera og vísar í því samhengi til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðila sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningsefni aðila eins og því er lýst í álitsbeiðni, hvort heldur um bótakröfu eða endurgreiðslukröfu er að ræða, fellur að mati kæruneftndarinnar ekki undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup, né önnur framangreind lög og þar með hefur kæruneftndin ekki heimild til þess að gefa álit sitt á því. Ber henni þar af leiðandi að vísa álitsbeiðninni frá, sbr. ákvæði í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Kæruneftndin telur rétt að benda á að kæruneftnd húsaleigumála sker úr ágreiningsefnum er varða gerð og/eða framkvæmd húsaleigusamninga, sbr. ákvæði 85. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Nefndarmaðurinn A var vanhæfur til meðferðar málsins og tók varamaður sæti í nefndinni við afgreiðslu þess.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Jón Magnússon